

Mál nr. 420/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Heiri vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys. Sönnun.

Gögn.

- Málskot móttakið 18. nóvember 2025 ásamt fylgiskjölum.
- Athugasemdir V, dags. 5. desember 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 25. júní 2024, varð M þann dag fyrir líkamstjóni við vinnu sína hjá X. Kemur þar fram að tilkynnt hafi verið um að M hafi dottið um fjóra metra af þaki húss. Í skýrslunni er ekkert haft eftir M hvað varðar atvik málsins, en að sögn vitnisins Y, sem var samstarfsmaður M, höfðu þeir báðir staðið upp á mæni hússins þegar M missteig sig og datt niður. Reyndar kemur fram í lögregluskýrslu, dags. 15. ágúst 2024, að erfitt hafi verið fyrir lögreglu að tala við Y á vettvangi þar sem hann skildi hvorki íslensku né ensku. Í þeirri skýrslu kemur einnig fram að Z sem er starfsmaður X, kom á vettvang á slysdegi. Er haft eftir honum að M og Y hafi fengið fyrirmæli um að vera í öryggislínu við verkið. Í tilkynningu um slysið til Vinnueftirlits, dags. 27. júní 2024, er málsatvikum lýst þannig að M hafi verið að vinna á þaki hússins við að skipta út nöglum og setja skúfur í staðinn. Hafi hann verið að vinna á kafla sem var með lítinn halla en verið að færa sig þangað sem meiri þakhalli var. Þá hafi hann runnið til á blautu þakinu og fallið fram af og lent á hellulagðri stétt í garðinum. Við fallið hafi hann slasast. Tekið er fram að áður en verkið hófst hafi öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður X farið yfir öll öryggisatriði, s.s. setja upp vinnupall, setja upp stiga á þakinu og notkun á öryggislínu. Hafi M hins vegar farið gegn öllum þessum reglum um leið og öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður hafi yfirgefið svæðið en þá hafi M farið beint upp á þak að vinna. Í lögregluskýrslu, dags. 15. ágúst 2024, er haft eftir M að er slysið varð hafi hann verið að leita að stað á þakinu til að festa öryggislínu. Svo hafi farið að rigna og hann ákveðið að fara niður og hringja í yfirmann og spyrja hvar hann ætti að festa öryggislínuna. Þá hafi hann runnið til og dottið.

Í málskoti er á því byggt að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum vinnuslyssins þar sem það verði rakið til vanbúnaðar á vinnustað og skorts á öryggisráðstöfunum. Nánar tiltekið hafi vantað fullnægjandi fallvarnarbúnað, t.d. hentuga verkpalla til að varna falli. Máli sínu til frekari stuðnings vísar M til 13. gr., sbr. 37. gr., laga nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og gr. 31.1. í B hluta IV. viðauka reglna nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingavinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Þar komi fram að ef „framkvæma skal vinnu á þaki, sem vegna halla þaksins, áferðar þakflatarins eða vegna veðurskilyrða getur orsakað það, að starfsmenn falli niður, má ekki hefja vinnuna fyrr en nauðsynlegar öryggisráðstafanir hafa verið gerðar, svo ekki sé hætt á, að menn eða efni falli niður. Nauðsynlegt getur verið að reisa verkpalla við slíka vinnu til að fyrirbyggja hættu eða setja upp annan öryggisbúnað.“ Telur M að í umrætt sinn hafi verið nauðsynlegt í ljósi halla þaksins og veðurskilyrða að gera viðeigandi öryggisráðstafanir til að koma í veg fyrir hættu á falli. Metur M það svo að nauðsynlegt hafi verið að reisa verkpall til að fyrirbyggja hættu. Slíkur búnaður hafi ekki staðið M til boða á slysdegi. Þá er bent á að M hafi verið almennur starfsmaður hjá X og því ekki haft yfirumsjón eða verkstjórn með verkinu. Að lokum byggir M á því að X hafi vanrækt að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins skv. 79. gr., sbr. 81. gr. laga nr. 46/1980. Því þurfi X að bera hallann af skorti á sönnun um málsatvik ef ágreiningur rís um aðstæður á slysdegi eða aðdraganda slyssins.

Í athugasemdum V, er skaðabótaábyrgð X hafnað. Í því sambandi bendir V á að slys M verði fyrst og fremst rakið til þess að hann var ekki með fallvarnarbúnað í aðdraganda þess. Samkvæmt upplýsingum frá X hafði M fengið skýr og ótvíræð fyrirmæli frá öryggisfulltrúa um að nota öryggislínu og reisa verkpalla áður en vinna við þakið hefist. Þrátt fyrir þessi fyrirmæli hafi M farið upp á þakið án öryggisbúnaðar eftir að öryggisfulltrúi vék af vettvangi. Afleiðingarnar urðu þær að hann rann til og féll fram af þakinu. Bendir V á að það komi fram í lögregluskýrslu að allur nauðsynlegur öryggisbúnaður hafi verið til staðar á staðnum en M hafi ekki notað hann. Máli sínu til frekari stuðnings

vísar V í dóm Hæstaréttar í máli nr. 704/2010 en þar hafi váttryggingafélag verið sýknað af kröfu um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu í sambærilegu máli. Þar hafi starfsmaður fallið af palli, en sannað þótti að nauðsynlegur öryggisbúnaður (fallvarnir) hefði verið tiltækur og starfsmönnum brýnt að nota hann. Hafi Hæstiréttur talið að starfsmanni hefði mátt vera ljós hættan og nauðsyn þess að nota búnaðinn. Sama sjónarmið komi fram í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 242/2019, þar sem kröfu hafi verið hafnað þar sem starfsmaður hafði fengið þjálfun og fallvarnarbelti stöð til boða, en hann nýtti það ekki. Telur V að aðstæður í máli M hafi verið sambærilegar. Búnaðurinn hafi verið í bíl X á vettvangi og fyrirmæli um notkun hans hafi legið fyrir. Telur V að sú skýring M að hann hafi ekki notað viðeigandi öryggisbúnað vegna þess að hann var að leita að festingarmöguleika fyrir línu, þykir skorta trúverðugleika. Það sé ósennilegt að hann hefði ekki haft línuna með sér upp á þakið ef ætlunin hefði verið að festa hana.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Af þeim gögnum sem fyrir liggja um atvikið virðist ljóst að tjón M megi rekja til þess að hann hafi ekki notað fallvarnarbúnað (öryggislínu) umrætt sinn. Í gr. 31.1. í B hluta IV. viðauka reglna nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð er sérstaklega fjallað um vinnu á þökum. Þó takmarkaðar upplýsingar liggi fyrir um gerð þaksins og halla þess þykir þó mega slá því föstu miðað við fyrirliggjandi myndi af þakinu að gr. 31.1 eigi við um vinnu á því en þar segir m.a. að ef framkvæma skuli vinnu á þaki, sem vegna halla þaksins, áferðar þakflatarins eða vegna veðurskilyrða getur orsakað það, að starfsmenn falli niður, megi ekki hefja vinnuna fyrr en nauðsynlegar öryggisráðstafanir hafa verið gerðar, svo ekki sé hætta á, að menn eða efni falli niður. Hallinn á aðalþaki hússins virðist af ljósmyndum að dæma hafa verið nokkur. Því má ætla að nokkur fallhætta hafi verið fyrir hendi.

Vinnueftirlitinu var tilkynnt um atvikið tveimur dögum eftir slysdag, en samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Af fyrirliggjandi gögnum er ljóst að M var óvinnufær frá slysdegi. Því bar X að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins innan sólarhrings sem var ekki gert. Með vísan til fyrrgreinds lagaákvæðis og í ljósi dómafordæma er litið svo á að atvinnurekandi sem ekki hefur tilkynnt slys réttilega samkvæmt ákvæðinu skuli bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau. Þó svo að framangreint leiði til þess að leggja ber frásögn M um atvik máls til grundvallar þýðir það ekki að öllum vafa um málsatvik hafi verið eytt. Þannig er haft eftir M í lögregluskýrslu að er slysið varð hafi hann verið að leita að stað á þakinu til að festa öryggislínu. Svo hafi farið að rigna og hann ákveðið að fara niður og hringja í yfirmann og spyrja hvar hann ætti að festa öryggislínuna. Þá hafi hann dottið. Hins vegar er einnig haft eftir M í lögregluskýrslu að hann hafi verið búinn að vinna að verkinu í 40-50 mín er slysið varð. Auk þess liggur fyrir að M hafði öryggislínuna ekki með sér upp á þakið þegar hann fór þangað til að leita að stað til að festa hana. Nefndin telur einsýnt að það þurfti ekki 40-50 mín. til þess setja upp stiga og fara upp á þak til að finna eða finna ekki stað til að festa öryggislínuna en M hefur ekki haldið því fram að hann hafi unnið að einhverju öðru verki áður en slysið átti sér stað. Nefndin telur að framangeint rýri trúverðugleika frásagnar M. Þrátt fyrir þessa óvissu um atvik máls telur nefndin það ekki vera lykilatriði þegar kemur að mati á því hvort slys M verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu kemur fram að öryggislína var í bifreið X á vettvangi en M hafði ekki notað hana. Telur nefndin að sú lína hafi verið til þess fallin, ef réttilega notuð, að koma í veg fyrir hættu á falli. Þá staðfestir M jafnframt í lögregluskýrslu að hjá X væri venja að nota öryggislínu við vinnu á þaki. Ekki er heldur á því byggt af hálfu M í málinu að hann hafi skort reynslu til að vinna það verk sem um ræddi á slysdegi. Nefndin telur því liggja fyrir að X hafi mátt treysta því að M og samstarfsmaður hans hefðu til þess þekkingu að setja upp öryggilínu og tryggja þannig örygga vinnuástandi áður þeir hófu vinnu sína á þakinu í umrætt sinn, nokkuð sem X byggir á að þeim hafi verið uppalagt að gera. Nefndin telur því að eins og mál þetta liggur fyrir séu ekki forsendur til að fallast

á kröfu M enda leiði af framangeindu að það telst ósannað er að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X geti borið skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á greiðslu skaðabóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 3. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir